

Skýrsla ritstjóra Kiwanisfrétta, upplýsinga- og blaðafulltrúa til umdæmisstjórnarfundar 12.jan 2013

Góðir Kiwanisfélagar – gleðilegt nýtt ár !

Síðastliðið ár stóð undirritaður frammi fyrir fjölda persónu-, fag- og Kiwanistengdra áskorana. Mikil en skemmtileg rússibanareið sem ég fer ekki nánar útí, nema hvað varðar umdæmisstarf það sem ég nú gegni.

Þegar mér bauðst og játti því að verða fjölmiðlafulltrúi umdæmisins, var það mitt fyrsta innleggi að gefa út svonefndar Raffréttir, rafrænt fréttablað sem kemur í stað fréttabréfa umdæmisstjóra og er sent á alla umdæmisfélaga með tölvupóstfang. Fyrsta tölublaðið, 12 síður, fór í loftið í nóvember, en stefnt er að 4-6 slíkum á starfsárinu. Efni frumburðarins var m.a. viðtal við nýjan umdæmisstjóra og maka hans ásamt ýmsum fréttum af umdæmisþingi. Gamlar og nýjar Kiwanisfréttir munu birtast þar reglulega, en næsta blað, þar sem fjallað verður m.a. um nýju klúbbalögin, er vel á veg komið.

Útgáfan hefur marga kosti. Ekki þarf að takmarka pláss, það má teygja endalaust, auðvelt er að leiðrétta villur eftirá og síðast en ekki síst þá er hægt að miða hvers kyns nýsiefni (hljóð og mynd). Þetta er framtíðin! Allt þetta nýtti ég mér óspart. Viðtökur fóru fram úr væntingum, en meir en 500 félagar hafa heimsótt síðuna.

Að setjast í ritstjórstól Kiwanisfrétta er mikil ögrun, sem ég þó nálgast af eftirvæntingu og áhuga. Í upphafi tók ég þá ákvörðun að umbrjóta blaðið sjálfur og nýta tækifærið til að læra á hið fullkomna umbrotsforrit, InDesign. Leitað var tilboða í prentun frá 3 prentsmiðjum. Endanlega var samið við Prentmet, en samningur um 28 síðna blað, plöstin og áritun kostaði um 300þús. Póstkostnaður varð um 120þús þrátt fyrir 10% afslátt. Skv. upplýsingum frá Ragnari ff. umdæmisstjóra, kostaði síðasta þingblað um 720þús, þannig að það borgar sig greinilega að vera vakandi yfir þessum þætti. Hár póstkostnaður vekur sérstaka athygli, en um hann er verra að semja, en þó getur t.d. forvinna á sendingu skilað sér í hærri afslætti.

Efnisöflun gekk með ágætum og þakka ég öllum sem brugðust við pistilkvabbi. Eitthvað bíður betri tíma, m.a. afmælisgrein um Jökla frá félagi Hauki, sem lofar afmælisgrein á vormánuðum. Mikið af blaðsefni er á færeysku og vonandi verður svo áfram. Blaðinu verður einnig dreift rafrænt, en hefbundið eintak fer í vefsafn.

Sem fjölmiðlafulltrúi mætti ég til opunar á nýrri aðstöðu Miðstöðvar foreldra og barna sem og til ahendingar á viðbótarstyrkjum vegna K-dags. Hvoru tveggja voru gerð skil í Kiwanisfréttum og dagblöðum. Mér var falið að skrifa um Kiwanisstarf á Íslandi í KIEF-Update og þangað fór 2ja síðna grein ásamt myndum um Ísgolfsverkefnið. Einnig hafa Kiwanisfréttir fundið athvarf á Fésbókinni, en þar er markmiðið að reyna að safna saman á einn stað öllu fréttneinu um hreyfinguna á félagsmiðlum.

Í fyrsta ritstjórastíli mínum viðraði ég þá ósk, að til heiðurs öllum þeim sem ritstýrt hafa og stungið niður penna í þágu blaðins, verði það skannað og hýst á timarit.is, þar sem öll þjóðin hefði aðgang að því. Einnig hefur mér auðnast í gegnum norsk Kiwanissambönd að fá afrit af Kiwanisnytt - systurblaði okkar hjá Norden - frá upphafi, en þar er skiljanlega að finna mikið efni um upphaf og viðgang elstu klúbba okkar. Upphaf Kiwanissögu umdæmisins. Þessu efni verður líka að finna stað!

Að lokum þakka ég samstarfið það sem af er árinu og óska ykkur öllum velfarnaðar í ykkar margbreytilegu Kiwanisstörfum.

Kópavogi 10.1.2013

Kiwaniskveðja

Óskar Guðjónsson

Ritstjóri og fjölmiðlafulltrúi umdæmisins